RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

# S K Ý R S L A
# UM JARÐVIÐNÁMSMÆLINGAR
# Í BREIÐHOLTSHVERFI

Eftir
Freystein Sigurðsson.

Október 1966

## Skýrsla um jarðviðnámsmælingar í Breiðholtshverfi.

Dagana 5.-11. október 1966 fóru fram jarðviðnámsmælingar í því skyni að kanna jarðvegsþykkt á hæð suður af Breiðholtshverfi. Mun þar heita Sauðholtsmýri. Voru gerðar 14 dýptarmælingar, en þær voru staðsettar eftir korti frá Framkvæmdanefnd Byggingaráætlunar. Náðu mælingar þessar yfirleitt niður á um 35 m dýpi, en sumar dýpra.

Niðurstöður eru dregnar upp í meðfylgjandi jarðsniðum og verður þeim ekki lýst hér nánar.

Hér skal einungis getið nokkurra vafaatriða:
Nokkur óvissa ríkir um, hvort öll þau lög, sem merkt eru sem jökulurð, séu svo í raun og veru, en ekki einhverjar malarfyllingar. Annað er, að lag kemur fram, þar sem berggrunns væri að vænta, og gæti það verið jarðvatnstjörn, sem lokast uppi á hæðinni, en jökulmelsjaðar virðist liggja þar allt um kring. Hið þriðja er, að ekki er útilokað, að venjuleg mold, en ekki mýrajörð sé undir mælingum nr. 5 og 6. Loks gæti verið nokkuð óvíst um þykkt jökulurðarinnar og annarra mellaga.

Tilraunaboranir væri æskilegast að setja við mælistaði 3, 5, 7, 10 og 14.

Miðað er við raðtölur þær, sem Framkvæmdanefnd tilgreindi.

Selfossi 15. október 1966

Freysteinn Sigurðsson.

Mælt 5-11.10.'66
af S.S.

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild

# Breiðholtshverfi: Sauðholtsmýri

## Jarðsnið samkv. jarðviðnámsmælingum

25.10.'66 F.S./Gyða
J-Reykjav. J-Viðnám
Tnr. 233 Tnr. 590
Fnr. 7629

